

## Látravík

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Í Vík, eins og bærinn eða jörðin er venjulega kölluð, er tvíbýli, en bæirnir standa saman á túni Ytrivíkur, austast í því túni, við læk, sem skiptir túnunum. Túnin ná að **Lárvaðli** (1) sunnanverðum. Lækur sá, er skiptir túnunum, heitir **Bæjarlækur** (2), annar lækur rennur vestan við bæinn, hann heitir og **Bæjarlækur** (3). Túnið niður frá bæjunum, á milli lækjanna, heitir **Innri-Skjöldur** (4), en milli ytri lækjarins og **Víkurgils** (5), sem rennur með túninu að vestanverðu, heitir **Ytri-Skjöldur** (6). Skildirnir báðir eru sléttar grundir. Suðvestur frá bæjunum, út undir Víkurgili, eru hólar sem nefndir eru **Gamlabæjarhólar** (7). Þar stóð áður Ytrivíkurbærinn. Þar stendur nú smákofi. Fyrir innan innri bæjarlækinn er tún Innrivíkur. Efri hluti þess túns heitir **Efrivíkurtún** (8). Þar stóð áður bær, sem hét **Efrivík** (9). Þar sem hann var er nú sléttur hóll. Nokkru neðar í túni þessu er annar hóll. Á honum stóð um nokkurn tíma bær, sem kallaður var **Neðrivík** (10). Þaðan var bærinn fluttur þangað sem þeir standa nú. Í austnorður frá Neðrivíkurtóftunum er túnhluti, sem **Kottún** (11) heitir. Stóð þar áður býli, sem **Víkurkot** (12) hét. Þar sem það býli stóð er sléttaður hólballi, sem **Kothóll** (13) heitir. Austnorður frá Kothól er hóll, utan girðingar, sem **Kottúnshóll** (14) heitir. Neðst í túni Innrivíkur, niður við vaðalinn, eru flatir, sem **Hjallaflatir** (15) heita. Er mýrablettur milli þeirra og Kottúnsins. Inn frá túninu eru mýrahallar, frá hlíðinni og niður á bakkana. Innst í þeim eru holt, sem **Þríholt** (16) heita. Er það yzta þeirra í Víkurlandi, merkin eru úr miðholtinu í stein allstóran neðst í hlíðinni, sem **Hvarfsteinn** (17) heitir. Hlíðin frá merkjum og út að Víkurgili heitir **Innhlíð** (18). Víkurgil kemur ofan hlíðina í fossum. Þar sem brúnin er hæst yfir Innhlíðinni, er steinn á brúninni, sem **Hádegissteinn** (19) eða **Hádegishnúkur** (20) heitir. Fyrir utan Víkurgil heitir **Skollahjallahlíð** (21). Hún nær út að næsta gili, en það hefur ekkert nafn. – Fyrir ofan Skollahjallahlíð er klettagirðing og

fyrir ofan hana er kvosmynduð hlíð, heitir hún **Skollahjallar** (22), ná þeir upp að brún. Fyrir utan nafnlausu gilið er klettagirðing, sem heitir **Hestasnös** (23). Er hún jafnhátt og Skollahjallar og beint vestur af þeim. Þar vestur og niður af er hlíð með klettagirðingum, sem kölluð eru **Blettsgirðingar** (24) – fyrir ofan þá er grashlíð, sem heitir **Blettur** (25) – nær hann upp að brúninni. Þaðan vestur er hlíðin örnefnalaus út að merkjum.

Út frá túninu eru mýrar og þurrlendir balar, sem kallað er **Víkurengjar** (26), við sjóinn eru sandbakkar. Utarlega undan bökkunum gengur langt grjót- og sandrif, sem nær inn að (norður að) **Lárós** (27). Á því eru grasi vaxnir balar, einkum næst ósnum; norðast á rifinu er malartangi, sem nefndur er **Oddatá** (28) eða **Rifsoddi** (29), en rifið er kallað **Víkurrif** (30). Í vaðlinum norður frá túnunum er hólmi, sem kallaður er **Látur** (31), hann er grasi vaxinn, en lágur og klettalaus. Í stærstu haustflæðum fellur sjór yfir hann. Inn með bökkunum, spöl inn frá túnunum, er stór steinn, sem heitir **Hvalsteinn** (32). Fyrir utan Víkurrif eru sandbalar á bökkunum. Fyrir ofan **Höfðabala** (33) er dý uppi í mýrunum; úr því rennur lækur gegnum Balann til sjávar, ræður hann merkjum. Úr dýinu er sjónhending til fjalls (sjá Höfða). Bakkarnir frá Víkurrifi út að Bala heita **Háubakkar** (34).

Klettagirðingarnar upp af merkjunum heita **Drangur** (35) (sjá Höfða). Frá klettagirðingunum og upp á brún er grasivaxin hlíð, heitir hún **Drangshlíð** (36). Ofan Drang rennur gil, sem heitir **Drangsgil** (37). Innarlega í Drang er gjá, sem heitir **Drangsgjá** (38).

Uppi á fjallinu, fyrir utan Mælifellsdal (sjá Skerðingsstaði) er **Þríhyrningsdalur** (39). Fyrir vestan Þríhyrning er hátt klettafell, sem **Kistufell** (40) heitir. Vestur af Kistufelli er hár klettahnúkur, sem **Hrókur** (41) heitir. Norður af Kistufelli er hár hnúkur, sem **Víkurkúla** (42) heitir, - tengir stuttur háls hana við fellið, er sá háls á milli botna Þríhyrningsdals og **Hrókdals** (43). Vestan við Víkurgil er dalur upp af brúninni, sem **Torfdalur** (44) heitir.

## Stafrófsskrá örnefna.

Blettsgirðingar 24  
Blettur 25  
Bæjarlækur 2  
Bæjarlækur 3  
Drangsgil 27  
Drangsgjá 38  
Drangshlíð 36  
Drangur 35  
Efrivík 9  
Efrivíkurtún 8  
Gamlabæjarhólar 7  
Hádegishnúkur 19 = 20  
Hádegishnúkur 20 = 19  
Háubakkar 34  
Hestasnös 23  
Hjallaflatir 15  
Hróksdalur 43  
Hrókur 41  
Hvalsteinn 32  
Hvarfsteinn 17  
Höfðabali 33  
Innhlíð 18  
Innri-Skjöldur 4  
Kistufell 40  
Kothóll 13  
Kottún 11  
Kottúnshóll 14  
Lárós 27  
Lárvaðall 1  
Látur 31  
Neðrivík 10  
Oddatá 28 = 29  
Rifsoddi 29 = 28  
Skjöldur, Innri- 4  
Skollahjallahlíð 21  
Skollahjallar 22  
Torfdalur 44  
Víkurengjar 26  
Víkurgil 5  
Víkurkot 12  
Víkurkúla 43